

GANGNASEÐILL 2026



GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

Um smölun heimlanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Blífært sé að geymsluhófi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælt til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á Þverrárrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í girðingar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

FJALLSKILASTJÓRI

Fjalliskil í Tungudeild haustið 2026

Heimili	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	BLEIKSMÝRARDALUR		AUSTURDALIR					Bæjar- rekstur 1.g	Bíla- kostn.	Skuld
			Vestur Sandar og Miðpartur 1.g 2.g	Skarðs- dalur 1.g 2.g	Timburvalla- dalur 1.g	Hjaltadalur 1.g 2.g	Belgsárdalur 1.g 2.g					
Reykir 2	18	11.700										11.700
Steinkirkja	23	14.950										14.950
Veturliðastaðir	35	22.750							10.000			12.750
Brúnagerði	10	6.500										6.500
Nes	24	15.600										15.600
Hrisgerði	138	89.700	30.000	20.000	20.000						10.000	9.700
Kambsstaðir	322	209.300	90.000	40.000	20.000						30.000	29.300
Birkihlið	10	6.500										6.500
Fnjóskadalur								30.000				
Bárðardalur								30.000				
Samtals												
	580	377.000	120.000	60.000	20.000	20.000	0	0	0	10.000	40.000	107.000

Tilhögun fjallskila haustið 2026

Bleiksmýrardalur og Skarðsdalur:
Fyrstu göngur verða 4.-5. september
Réttað á Reykjum 6. september.
Aðar göngur verða 26.-27. september
Timburvalladalur:
Fyrstu göngur 12. september
Aðrar göngur verða 3. október
Hjaltadalur:
Kannaður 12. sept.

Heimalönd í Vaðlaheiði.
Smalað verður 6. september og aftur 3. október.
Reykjafjall, Illugastaðir og Selland verða smöluð þegar tækifæri gefst
Heimalönd austan Fníóskár suður að Belgsá:
Smalað verður 20. september.

Gangnastjórar verða:
A Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.
Timburvalladalur, Hermann R: Herbertsson
Hjaltadalur, Hermann R: Herbertsson
Gangnastjórar ákveða brottfarartíma.

Um úrtíning úr Bárðardal í fyrstu og öðrum göngum sér Hermann R. Herbertsson
Um úrtíning úr Eyjafirði í fyrstu og öðrum göngum sér Þuríður Davíðsdóttir
Eins og gangnaseðillinn ber með sér dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er:
Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk (2 dagsverk aðrar göngur).
Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2026 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2026.
Reikningur 1110-26-113131 - kennitala 6211861169